

## Ályktun um kjaramál

Aðildarfélög Starfsgreinasambandsins gengu frá kjarasamningum á almenna vinnumarkaðnum í mars á þessu ári. Samningarnir tóku mið af því að framundan voru mestu framkvæmdir Íslandssögunnar og hætta á ójafnvægi í efnahagslífinu með vaxandi verðbólgu og auknu atvinnuleysi, þegar líða tæki á framkvæmdatímann.

Við þessar aðstæður var samið til lengri tíma en áður hefur þekkst og tóku samningarnir mið af spám um þróun efnahagsmála. Samningunum, líkt og fyrri samningum, var þannig ætlað að leggja grunn að stöðugleika, vaxandi kaupmætti og traustu atvinnustigi í lok samningstímans.

Samningarnir byggja á tveimur forsendum, hóflegri verðbólgu á samningstímanum og að aðrir samningar á vinnumarkaði verði sambærilegir. Bresti önnur eða báðar þessar forsendur vegna þess að verðbólga fari úr böndunum, eða að aðrir samningsaðilar telji að hægt sé að hækka laun meira, án þess að stöðugleika sé ógnað, geta samningsaðilar samið um meiri hækkanir til að mæta frávikunum eða einstök félög geta sagt upp samningunum. Slík endurskoðun eða uppsögn er möguleg í árslok 2005 og í árslok 2006.

Nú eru blikur á lofti. Verðbólga fer hratt vaxandi og ljóst er að lítið má út af bera til að hún fari úr böndunum. Við þessar aðstæður er brýnt að allir axli ábyrgð og leggi sitt af mörkum í baráttunni við verðbólguna. Fyrirtækin í landinu verða að halda aftur af verðhækkunum og hið opinbera verður að halda aftur af gjaldskrárhækkunum. Jafnframt verður að gera þá kröfu að ríkisvaldið beiti skynsamlegri og ábyrgri hagsstjórn. Þannig má koma í veg fyrir að Seðlabankinn hækki vexti um of og þrengi þannig að heimilunum og fyrirtækjum í landinu. Nýframlagt fjárlagaframvarp bendir því miður ekki til þess að ríkisvaldið ætli að axla þá ábyrgð sína.